

Gestabókarganga á Geflu

Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir gestabókargöngu næstkomandi sunnudag, 22. maí. Farið verður með gestabókina á fjallið Geflu, sem er hæsta og nyrsta fjall í Leirhafnarfjöllum norðan Kópaskers.

Þetta er hluti af verkefninu “Fjölskyldan á fjallið”.

Farinn er vegurinn út á Melrakkasléttu til norðurs frá Kópaskeri um 15 km.

Lagt af stað kl. 13:00 frá malarnámu sem er rétt norðan við Leirhafnarvatn.

Fjallið er 205 m hátt og er gönguvegalengd um 1,5 km á toppinn. Bókin verður á Geflu í allt sumar og kallar á fólk að koma og skrifa nafnið sitt.

Ferðafélagið býður alla velkomna í hressandi útivist.



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 25. maí 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
19. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 18. maí 2016



Tónleikar:

LalomA
á
Kópaskeri

Þjóðlagadúettinn **LalomA** er samstarfsverkefni Kristjáns Martinssonar sem spilar á flautu og harmonikku og Laura Lotti sem spilar á hörpu. Þau leiða saman hesta sína vegna sameiginlegs áhuga á vestur-evrópskri þjóðlaga-tónlist. Efnisskrá dúettsins inniheldur mest megnis danslög frá Íslandi, Írlandi, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, og Norðurlöndum.

Þess má geta að dúettinn hefur fjölþjóðlegan blæ þar sem að Kristján rekur ættir sínar til Íslands og Englands en Laura til Hollands og Ítalíu. Það sem gefur dúettinum einnig aukinn fjölbreytileika er að Kristján hefur bakgrunn í djassinum en Laura úr klassíkinni.

LalomA heldur tónleika í skólahúsinu á Kópaskeri þriðjudaginn 24. maí kl. 20:30.

Miðaverð er kr 1.500 en ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð



SÖNNARÆTLUN
NORÐURLANDIS EYSTRA



Útibú Lyfju Þórshöfn

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í sölu- og afgreiðslustarf í útibú Lyfju á Þórshöfn.

Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Um er að ræða 60% starf. Vinnutími er frá kl10-16 þrjá daga í viku og 10-14 einn dag í viku. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Hæfniskröfur

Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar gefur Aðalsteinn Jens Loftsson, lyfsali Lyfju Húsavík í síma 464-1212 eða 693-22221, adalsteinn@lyfja.is

Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is eða senda umsókn til viðkomandi lyfsala.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Til sölu

Toyota Hilux Extra cab. 2,5 D-4D.

Skráður 03.2009, ekinn 63 þúsund km.

Upplýsingar veitir Haraldur í síma 465-2205.



Móttaka heyrnarfræðinga HTÍ verður á

Húsavík, miðvikudag 25/5 kl. 9 - 14

Kópaskeri, fimmtudag 26/5 kl. 08 - 12

Þórshöfn, fimmtudag 26/5 kl. 14 - 16

Staðsetning: v/HEILBRIGÐISSTOFNANIR

HEYRNARMÆLING – RÁÐGJÖF –
HEYRNARTÆKI – AÐSTOÐ OG STILLINGAR



Nánari upplýsingar og bókanir í síma 581 3855 www.hti.is



Til hluthafa Verslunarhússins á Kópaskeri ehf, og allra þeirra sem hafa áhuga á að styðja við verslunarrekstur í héraðinu.

Á aðalfundi félagsins þann 22. júní 2015 var samþykkt samhljóða að veita stjórn heimild til þess að selja nýja hluti í félaginu fyrir allt að kr. 2.165.760,- og auka þar með hlutfé félagsins í kr. 12.000.000,- og gildir sú heimild til **31. maí 2016**. Á aðalfundinn voru mættir fulltrúar fyrir 75 % hlutfjár og voru fundarmenn sammála um að þrátt fyrir að félagið hafi gengið frá útleigu á húsnæðinu og þar með tryggt sér fastar leigutekjur, væri samt sem áður veruleg þörf á því að styrkja fjárhag félagsins. Það gæfi möguleika til þess að lækka enn frekar höfuðstól veðlánsins, sem félagið yfirtók hjá Sparisjóði Norðurlands, og lækka þar með vaxtagreiðslur og afborganir. Þá skapaðist meira svigrúm til flýta nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum, svo sem mála húsið að utan ofl. Aðeins hefur bæst í hlutféð en samt vantar nokkuð á að 12.000.000 markinu sé náð. Stjórn félagsins vill því benda áhugasömum á að nú stýttist í að heimild sem stjórn hefur til að auka hlutfé falli úr gildi, þ.e. **31. maí n.k.**

Ef að einhverjir af núverandi hluthöfum eru áhugasamir um að auka hlut sinn í félaginu eða nýir að bætast í hópinn þá er velkomið að hafa samband við einhvern af undirrituðum stjórnarmönnum. Stefnt er á aðalfund eigi síðar en um 20 júní.

Jón Grímsson, sími 894-0033

Gunnar Björnsson, sími 822-6108

Sigurlína Jóhanna Jóhannsdóttir, sími 895-2169



Grenjaleit í Langanesbyggð

Langanesbyggð óskar eftir aðilum til refaleitar og grenjavinnslu í sveitarfélaginu. Áhugasamir eru beðnir um að staðfesta áhuga sinn við sveitarstjóra Langanesbyggðar fyrir 20.05 2016.

Nánari upplýsingar veita

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar í síma 468 1220 og Sverrir Möller formaður landbúnaðarnefndar í síma 848 3010.

Umsóknir skal senda rafrænt á netfangið

[sveitarstjóri@langanesbyggd.is](mailto:sveitarstjori@langanesbyggd.is) eða til skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn fyrir 20.05 2016.



Sólstöðuhátíð á Kópaskeri

Nú er undirbúningur hafinn fyrir Sólstöðuhátíð á Kópaskeri dagana 24. – 26. júní og ýmislegt í bígerð.

Framfarafélag Öxarfjarðar hefur umsjón með hátíðinni.

Þeir sem vilja vera með viðburð af einhverju tagi á hátíðinni eða taka þátt á einhvern hátt eru beðnir að hafa samband við Guðmund Magnússon á netfangið gm@nordurthing.is.

Engin hugmynd er svo lítil eða stór að ekki megi skoða hana.

Við erum strax farin að hlakka til!